

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt. dags.	15.12.2016
Adalabýll	00.10.1
Mál nr.	1612140



Stofnun
VIGDÍSAR FINNBOGADÓTTUR
í erlendum tungumálum

14. desember 2016

Garðabær

b.t. Gunnars Einarssonar bæjarstjóra

Efni: Leitað eftir stuðningi við dagskrá fyrir almenning í nýbyggingu Vigdísarstofnunar.

Í mars á næsta ári verður lokið við nýbyggingu Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og hún vígð með viðhöfn á sumardaginn fyrsta. Auk kennslu og rannsókna í erlendum tungumálum mun byggingin hýsa alþjóðlega tungumálamiðstöð sem verður starfrækt innan vébanda UNESCO, Menningar- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Stór hluti byggingarinnar er ætlaður fyrir starfsemi sem opin verður almenningi, en sérstök rými eru hönnuð fyrir sýningahald um tungumál og menningu og í Vigdísarstofu verður hægt að fræðast um líf og störf Vigdísar Finnbogadóttur. Fyrir sunnan bygginguna verður eins konar útileikhús með torgi eða sviði og sætum fyrir um 4-500 manns sem Reykjavíkurborg kostaði. Með mannvirkinu skapast því aðstaða til margvíslegra menningarviðburða bæði innan húss og utan. Stofnunin mun leggja ríka áherslu á að skipuleggja viðburði sem höfða til alls almennings, einkum barna og ungmenna. Þá verður boðið upp á fyrirlestra og aðra þjónustu fyrir ferðamenn.

Stjórn Vigdísarstofnunar hefur ákveðið að fyrstu árin verði starfsemin helguð tungumálum og menningu á Vestur-Norðurlöndum (vesturströnd Noregs, Færeyjum, Íslandi og Grænlandi). Lögð verður áhersla á að fræða leika og lærða um vestnorræn mál og menningu með sýningum, fyrirlestrahaldi, ráðstefnum og ýmsum öðrum menningarviðburðum. Einnig hefur verið ákveðið að efna til sérstakrar sýningar í Vigdísarstofu um sögulegt forsetakjör Vigdísar Finnbogadóttur, þegar Íslendingar brutu blað í veraldarsögunni með því að kjósa sér konu sem forseta.

Bygging Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur er að stórum hluta kostuð af sjálfsaflafé. Fjölmarginir einstaklingar, fyrirtæki, félagasamtök, sjóðir, stofnanir og opinberir aðilar, bæði innan lands og utan, hafa lagt verkefninu lið með fjárframlögum. Stuðningur þeirra ber órækt vitni um þá fjölmörgu sem vilja heiðra störf og framgöngu Vigdísar og þakka fyrir allt það sem hún hefur verið þjóðinni.

Innan stofnunarinnar er okkur mikið í mun að starfsemin í nýbyggingunni verði öllum til sóma og lyftistöng fyrir menningu okkar og mannlíf. Til að svo megi verða þarf hún strax að ná flugi með vönduðum sýningum og þróttmikilli dagskrá. Þá er okkur umhugað um að standa vörð um þá einingu sem hefur skapast um verkefnið og ná enn breiðari samstöðu um það, þannig að sem flestir líti á bygginguna og þá starfsemi sem þar fer fram, sem sameign allra Íslendinga.

Vigdís Finnbogadóttir Institutet för Fremmedsprog
Vigdís Finnbogadóttir Institut für fremmedspråk
Vigdís Finnbogadóttir Institut för frammande språk
Vigdís Finnbogadóttirni kiel-instituuti
Vigdís-Finnbogadóttir-Institut für Fremdsprachen

Vigdís Finnbogadóttir Institute of Foreign Languages
L'Institut Vigdís Finnbogadóttir des langues étrangères
Istituto Vigdís Finnbogadóttir de linguas extrangeras
Istituto Vigdís Finnbogadóttir per le lingue straniere
ウィグティス・フィンボークドットイル外国語研究所

UNIVERSITY OF ICELAND • Nýi Garður • 101 Reykjavík • Iceland • Tel. +354 525 4191 • www.vigdis.hi.is • infovigdis@hi.is

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

Leitað hefur verið til ríkisins um stuðning við starfsemina fyrstu þrjú árin og í samþykkt ríkisstjórnarinnar er lagt til að stjórnvöld greiði 2/3 hluta áætlaðs kostnaðar við sýningarnar, alls 20 milljónir á ári í þrjú ár. Að þeim tíma liðnum er gert ráð fyrir að reksturinn verði sjálfbær. Nú leitum við eftir aðkomu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til að geta brúað bilið.

Tilfni þessa bréfs er að leita eftir stuðningi Garðabæjar við starfsemina á árunum 2017, 2018 og 2019 með fjárframlagi að upphæð 1,5 milljón króna fyrsta árið og 1 milljón króna á árunum 2018 og 2019, alls 3,5 milljónir króna. Fjármununum verður varið til að mæta kostnaði við sýningar og menningarviðburði fyrir almenning, ekki síst börn og ungmenni.

Með bestu kveðjum,

Auður Hauksdóttir

Auður Hauksdóttir forstöðumaður